VÍÐISTAÐAKIRKJA

Hr.bæjarstjóri

Þórður Þórarinsson
Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Hafnarfirði 26. ágúst 2026

**Víðistaðakirkja – Endurbætur á nánasta umhverfi**

Kæri Þórður

Sóknarnefnd Víðistaðakirkju vísar til bréf til þáverandi bæjarstjóra Hafnarfjarðar, dags. 17.september 2025 og varðaði úrbætur á nánasta umhverfi kirkjunnar.

Fyrir utan að hýsa eitt merkasta kirkjulistaverk á Íslandi, þá er Víðistaðakirkja einnig samveru og samkomustaður sóknarbarna og allra annarra Hafnfirðinga sem þangað leita. Auk kirkjulegra athafna, fara fram í Víðistaðakirkju fjöldi viðburða á ári hverju. Má þar nefna fundi, tónleika og skólaútskriftir, stóru upplestrarkeppnina og fleiri viðburðir á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

Loks má nefna að bílastæði við kirkjuna nýtist ekki bara fyrir viðburði í kirkjunni, heldur er það líka mikið notað vegna ýmissa viðburða á Víðistaðatúni og Víðistaðaskóla allan ársins hring. Reyndar er það orðið svo, að eftir hvern stór-viðburðinn eftir annan á Viðistaðatúni, að verulegar skemmdir hafa orðið stígum og umhverfi þegar bifreiðum og öðrum farartækjum er lagt allt umhverfis kirkjuna. Malbiksbrot og laust grjót sjást víða og dæmi eru um skemmdir af þeirra völdum þegar því er kastað í byggingar og mannvirki. Má þar m.a. nefna minnisvarða um drukknaða sjómenn sem stendur á stalli neðan við kirkjuna. Þar voru einhverjir búnir að hafa fyrir því að brjóta öll ljós sem varpa birtu á minnisvarðann. Víðistaðakirkja lét lagfæra þetta og kostnaður vegna viðgerðinnar var um 250þ kr.

Í áðurnefndu erindi sóknanefndar Víðistaðakirkju til Hafnarfjarðarbæjar, kynntum við tillögu Þráins Haukssonar landslagssarkitekts sem felur í sér m.a. breikkun á stíg og hæðarsetningu, fjölgun bílastæða, gerð gróðurbeltis og hellulögn.

Í samskiptum við Hafnarfjarðarbæ í kjölfar erindis okkar, var okkur tjáð að þetta væri í kostnaðarmati - en svo hefur ekkert meira heyrst. Okkur er þó kunnugt um að fjárhagsáætlun bæjarins fyrir þetta ár gerði ráð fyrir úrbótum á og við Víðistaðatún og við tökum eftir því að verið er að endurgera göngu-og hjólastíg með fram nýbyggingum við Hjallabraut sem tengir Víðistaðatún við Hjallabraut.

Sóknarnefnd Víðistaðakirkju áréttar mikilvægi þess að Hafnarfjarðarbær komi að þessum úrbótum og lagfæringum umhverfis Víðistaðakirkju og að farið verði í þær framkvæmdir sem allra fyrst.

Tillögu Þráins má sjá í viðauka 1 en í viðauka 2.eru myndir af núverandi ástandi.

Virðingarfyllst, f.h. Víðistaðakirkju,

Hjörleifur Þórarinsson
Formaður sóknarnefndar Víðistaðakirkju

**Viðauki 1** – Tillaga Landslags/Þráins Haukssonar á endurbótum á umhverfi Víðistaðakirkju






**Viðauki 2** – Umhverfi Víðistaðakirkju í dag – skemmdir víða í nánasta umhverfi.











Framkvæmdir í gangi við stíg frá Víðistaðatúni til Hjallabrautar

